



Visthæfar samgöngur

Stefna og aðgerðir
fyrirtækja

Stefna fyrirtækja um vishæfni og öryggi bílafloða

Fyrirtæki, sem þurfa á ökutækjum að halda vegna starfsemi sinnar, kaupa þau ýmist eða leigja. Ökutækin eru hluti af ímynd fyrirtækjanna – andlit þeirra út á við – og endurspeglar gildismat þeirra. Með því að setja sér vishæfa ökutækja- eða samgöngustefnu, þegar kemur að kaupum eða leigu á ökutækjum, geta fyrirtæki því sýnt í verki að þau setji umhverfismál og umferðaröryggi í öndvegi.

Fyrirtækjastefnan þarf að vera gagnsæ fyrir þá, sem sjá um ökutækjafloðann, þanta þjónustubíla og huga að viðhaldi þeirra, og einnig fyrir notendur ökutækjanna. Við setningu ökutækja- eða samgöngustefnu þarf að taka afstöðu til ýmissa spurninga, s.s. um markmið, val á bílategundum, stjórnun og ábyrgð, öryggismál, umhverfisþætti, menntun,

þjálfun og fleira. Stefnumótunin getur einnig tekið til bíla- stæðamála, almenningssamgangna, hjólreiða starfsmanna og þeirra sem koma gangandi til vinnu.

Ökutækjastefna er hluti samgöngustefnu í víðara samhengi en hér er fyrst og fremst hugað að málum er snúa að ökutækjum.

Til að bílafloði geti talist vishæfur, orkunýttinn og öruggur er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- » Notkunarvið ökutækjanna og lengd ferða.
- » Eldsneytisnotkun og efnisval við framleiðslu þeirra.
- » Möguleika ökutækjanna til að nota vishæft eldsneyti.
- » Öryggi ökutækjanna í umferð.





Nokkur lykilatriði ber að hafa í huga við gerð ökutækjastefnu:

Markmið og ábyrgð

- » Hver er tengingin milli starfsemi fyrirtækisins og ökutækjastefunnar?
- » Hvert er markmiðið með ökutækjastefnunni?
- » Fyrir hvern er stefnan og hver er gildistími hennar?
- » Hver ber ábyrgð á ökutækjastefnunni og framfylgir eftirliti?
- » Hvaða undantekningar leyfast og hver ákveður þær?
- » Hvernig er stefnan kynnt?
- » Hver notar ökutækin?
- » Hvaða markmiðum hyggst fyrirtækið ná, annars vegar í fækkun óhappa og minnkun útblásturs og hins vegar í aukinni hjólanotkun og göngu til og frá vinnu?

Bílategundir og þjónusta

- » Hvernig ökutæki/flutningi er þörf á?
- » Hvaða stærð, geymslurými, aukabúnaður hentar?
- » Hvaða kröfur gerir heilbrigðis- og vinnueftirlitið?
- » Hvernig aðgengi er að almenningssamgöngum og vishæfu eldsneyti?

Stjórnun

- » Má búast við kostnaðarlækkunum eða hækkunum?
- » Hvernig er metið verðmæti mengunar, sem minnkar, og jákvæðrar ímyndar?
- » Hver á að annast leigu eða kaup, rekstur, fjármögnun og önnur slík mál?
- » Hver á að sjá um endurnýjun leigusamninga eða uppsögn þeirra?
- » Hverjum á bílaflotinn að þjóna?
- » Hver hefur umsjón með skýrslugerð, akstursbókum og þjálfun í vistakstri?



Öryggismál

- » Hvaða kröfur eru gerðar um öryggismál?
- » Minna á og rifja upp reglur um akstur undir áhrifum áfengis og lyfja.
- » Upplýsingar um umferðaröryggi.
- » Vill fyrirtækið uppfylla lágmarks öryggismörk eða setja strangari ákvæði?

Skoðum dæmi:

- **Árekstursöryggi:** Ökutæki skulu hafa hlotið minnst fimm stjörnur í öryggisprófi EuroNCAP.
- **Alkóhóllás:** Ökutæki ættu að hafa alkóhóllás sem mælir alkóhól-magn í andardrætti og kemur í veg fyrir að ökumaður geti keyrt undir áhrifum áfengis.
- **Beltisáminning:** Ökutæki eiga að hafa ljós í mælaborði til að minna á öryggisbelti.
- **Hraðamælir:** Ökutæki eiga að vera með ISA-kerfi (kerfi sem lætur vita um hámarkshraða og/eða varar ökumann við ef ekið er of hratt).

Umhverfisþættir

- » Áhersla á sparakstur.
- » Hversu mikil eldsneytisnotkun er ásættanleg fyrir mismunandi stærð-ir ökutækja?
- » Hlutfall vishæfra ökutækja, notkun endurnýjanlegs eldsneytis, notk-un svífryksíu, samakstur, notkun almenningsvagna.
- » Setja markmið fyrir eldsneytiseyðslu á mánuði.
- » Kolefnisjafna óhjákvæmilega losun gróðurhúsalofttegunda.

Skoðum dæmi:

- **Framfarir í tækni:** Skoða skal nýjungar í öryggismálum og umhverfishæfni sem eru í boði áður en leitað er tilboða vegna endurnýjunar ökutækja fyrirtækisins.
- **Sparneytnari ökutæki:** Við kaup á nýjum ökutækjum skal eldsneytiseyðslan vera 10% minni en hjá þeim ökutækjum sem fyrir eru.
- **Minni eldsneytisnotkun:** Ökutækin eiga ekki að eyða meira en 5 lítrum af bensíni eða dísilolíu á 100 km.
- **Vishæf ökutæki:** Ökutækin eiga að uppfylla skilgreiningu Reykjavíkurborgar um vishæf ökutæki.
- **Endurnýjanlegt eldsneyti:** 10% bílaflotans á hverjum tíma eiga að notast við endurnýjanlega eldsneytiskosti.
- **Dísilbílar:** Dísilbílar eiga að vera með svífryksíur.
- Einnig má kolefnisjafna óhjákvæmilega losun gróðurhúsalofttegunda með skógrækt og uppgræðslu lands (sjá www.kolvidur.is).



Menntun og þjálfun

- » Fræðsla og upplýsingar um nýtt eldsneyti og drifætkni (vetni, metan (hauggas), jarðgas, rafhlöður, fljótandi gas, etanól, lífdísil o.fl.).
- » Sparakstur.
- » Umferðaröryggi.
- » Árangur á hverjum tíma og endurmat.


Skoðum dæmi:

- Allir starfsmenn fyrirtækisins skulu læra sparakstur.
- Árangur samgöngustefnunnar skal metinn ársfjórðungslega og niðurstöðurnar kynntar opinberlega.

Fyrirtækjastefna í framkvæmd

Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur fyrst fyrirtækja á Íslandi sett fram metnaðarfulla stefnu um notkun vishæfra bíla. Eitt af markmiðum OR er „að vinna markvisst að aukinni notkun vishæfrar orku, ekki síst þar sem kolefniseldsneyti er brennt í dag“. Í framhaldi af þessu hefur OR ákveðið að 55% allra bíla, sem fyrirtækið notar, skuli vera vishæfir fyrir árið 2013. Með þetta að leiðarljósi hefur fyrirtækið verið brautryðjandi í kaupum á vishæfum bílum og hefur nú þegar fest kaup á fimm vetnisbílum, 22 metanbílum og tveimur rafbílum.

Önnur fyrirtæki hafa einnig markað sér vishæfa ökutækjastefnu þótt hún sé ekki alltaf skjalfest eða jafnsýnileg og hjá OR. Nokkur þessara fyrirtækja hafa nú þegar fjárfest í vishæfum farartækjum, t.d. VistOrka, Sorpa, Vélamiðstöð Reykjavíkur, Landsvirkjun, Hertz bílaleiga, Strætó bs.,



Íslenska gámafélagið, Íslandspóstur, Landbúnaðarháskóli Íslands, Hafnarfjarðarbær, Nýja leigubílastöðin o.fl. Það er auðveldara fyrir fyrirtæki með stóra bílafloða að innleiða vishæfa ökutækjastefnu og víðast hvar eru það opinber fyrirtæki sem ríða á vaðið í framhaldi af stefnumótun stjórnvalda, jafnt sveitarstjórna sem ríkisvalds. Svíar eru komnir einna lengst í þessum málum með stefnumótun Stokkhólmsborgar og stjórnvalda um að nýir bílar skuli vera vishæfir. Með þessu frumkvæði hafa opinberir aðilar í Svíþjóð verið einkafyrirtækjunum hvatning og jafnframt lagt grunninn að því að hvergi í heiminum eru jafnmörg vishæf ökutæki, ekki síst í almenningssamgöngum, og í Stokkhólmi.

Hérlandis hafa bæði bílaleiga og leigubílastöð tekið í notkun vishæfa bíla. Með því að beina viðskiptum sínum þangað geta fyrirtæki, stofnanir og almenningur sýnt hug sinn í verki.

Vishæf ökutæki

Fjölbreytni vishæfra ökutækja á markaðnum eykst jafnt og þétt. Flestir bílaframleiðendur í heiminum framleiða einhverjar gerðir vishæfra bíla. Þetta eru tvinnbílar af ýmsu tagi, metanbílar, vetnisbílar, rafbílar, og í framtíðinni má vænta svokallaðra tengiltvinnbíla. Einnig má nefna að nokkrir hefðbundnir dísil- og bensínsmábílar flokkast nú undir vishæfa bíla þar sem notkun þeirra á jarðefnaeldsneyti er mjög lítil. Reykjavíkurborg flokkar vishæf ökutæki á eftirfarandi hátt:

Bensínbílar: Eyðsla í blönduðum akstri er 5,0l/100km eða minna og CO₂ útblástur er að hámarki 120 g/km.

Dísilbílar: Eyðsla í blönduðum akstri er 4,5l/100km eða minna og CO₂ útblástur er að hámarki 120 g/km.

Aðrir orkugjafar: Tvinnbílar (e. hybrid) sem nota t.d. metan/bensín eða etanól/bensín og eyðsla fer ekki yfir 5,0l/100km í blönduðum akstri og CO₂ útblástur er að hámarki 120 g/km. Undir þennan flokk falla einnig mengun- arlausir bílar, svo sem vetnisbílar og rafbílar.



Hægt er að kaupa allar gerðir ofangreindra bíla. Upplýsingar um mismunandi bílategundir og eldsneyti er hægt að finna á:

www.orkusetur.is

www.or.is

www.sugre.info

Bensín og dísilbílar: www.bgs.is/bgs/visthaefir_bilar/

Vetni: www.vetni.is

Metan: www.metan.is

Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Umhverfismál verða sífellt mikilvægari í samfélaginu. Auðlindastjórnun og hugsanlegar loftslagsbreytingar hafa áhrif á daglegt líf allra jarðarbúa. Það tekur tíma að skipta yfir í nýja orku- og eldsneytismenningu og er mikilvægt að jafnt opinberir aðilar sem fyrirtæki axli samfélagslega ábyrgð og leiði breytinguna yfir í notkun visthæfra lausna. Kostnaður við breytingar er yfirleitt nokkur og því getur verið erfitt fyrir almenna neytendur að taka hann á sig. Opinberir aðilar og

fyrirtæki ættu að marka sér stefnu í að auka vægi visthæfra lausna á öllum sviðum og þar með stuðla að sjálfbærri þróun því fyrirmyndir virka hvetjandi og vekja aðdáun.

Hvers vegna ætti fyrirtækið mitt að nota visthæf ökutæki?

- » Stuðningur við nýtingu innlendra auðlinda, aukið orkuöryggi í samfélaginu.
- » Lítil eða enginn koltvísýringsútblástur.
- » Mikilvægt framlag til að draga úr gróðurhúsaáhrifum.
- » Stuðlar að grænni ímynd, jákvæðri umfjöllun.
- » Minni hávaði.
- » Minni mengun, betra heilsufar.
- » Aukin notkun nýrrar tækni stuðlar að fjöldaframleiðslu og lægra verði.
- » Bætt eldsneytisnýting, minni kostnaður.
- » Ábyrg umhverfis- og samfélagsstefna.
- » Þátttaka í sjálfbærri þróun.

Útgefandi: Íslensk NYORKA í febrúar 2008 - Umsjón, hönnun og umbrot: Athylli ehf. - ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Morgunblaðið/Gis Rúnar/Ómar, Árni Þorbjörn Jónsson, e.fl.
Prentun: Litróf - Pappír: Munka Pólur umhverfisvottaður pappír. Sjá www.arcticpaper.com/en/Environment/Environment/FSC. Stutt af verkefni þessum Evrópusambandsins; FP 6 - SUGRE



ORKUSTOFNUN

- þekkingarbrunnur um orkumál

www.os.is

ÍSLENSK



ICELANDIC NEW ENERGY Ltd.

www.vetni.is



Orkusetur

www.orkusetur.is